

Priðjudaginn 6. júní 1995.

Nr. 243/1994.

Jón Benediktsson

(Örn Clausen hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. maí 1994. Um kæruheimild er vísað til 85. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 79. gr., laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Meðferð málsins hér fyrir dómi hefur verið frestað fram til þessa að beiðni sóknaraðila, uns dómur verður kveðinn upp í hæstaréttarmálinu nr. 50/1995: Ákærvaldið gegn Gunnari Gunnarssyni.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því fella hinn kærða úrskurð úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.